

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps vegna afþreyingar- og ferðamannasvæða við Vogagjá, Lúdent og austan Hvannfells.

Skipulagsstofnun staðfesti, 23. janúar 2019, breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, sem samþykkt var í sveitarstjórn 24. október 2018.

Í breytingunni felst að skilgreina 0,2 ha afþreyingar- og ferðamannasvæði við Vogagjá, Lúdent og austan Hvannfells. Á svæðunum er gert ráð fyrir bílastæðum og salernisaðstöðu fyrir ferðamenn.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 23. janúar 2019.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2019